

Nd.

477. Nefndarálit

[181. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1990.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið ítarlega á sex fundum og kvatt til Jakob Jakobsson, forstjóra Hafrannsóknastofnunar, og Arthur Bogason, formann Landssambands smábátáeigenda. Áður hafði verið fjallað um málið á átta sameiginlegum fundum með sjávarútvegsnefnd efri deildar og var fjöldi aðila þá kvaddur til viðtals.

Meiri hl. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem fram koma á sérstöku þingskjali.

Í 1. tölul. breytingartillagnanna er lagt til að heimild ráðherra til að undanþiggja undirmálsfisk frá kvóta verði þrengd. Hingað til hefur undirmálsfiskur alfarið fallið utan kvóta en í breytingartillögunni felst að framvegis verður einungis heimilt að undanþiggja hann að hluta. Telur nefndin að stefna beri að því að undirmálsfiskur teljist að fullu til kvóta en telur að það þurfi nokkurn aðlögunartíma.

Ákvæði 10. gr. frumvarpsins um smábáta var breytt í efri deild og heimildir þessara báta rýmkaðar nokkuð. Á fundum nefndarinnar voru af hálfu sjávarútvegsráðuneytisins kynnt drög að reglugerð um veiðar smábáta í samræmi við breyttan texta 10. gr. Í þessum reglugerðardrögum eru ákvæði um aflahámark þeirra báta, sem netaveiðar stunda, allmiklu rýmri en hliðstæð ákvæði í eldri reglugerðardrögum voru varðandi þá báta sem aflahámarki skyldu sæta samkvæmt upphaflegum texta 10. gr. Telur nefndin að með þessum fyrirhuguðu reglugerðarákvæðum sé verulega komið til móts við hagsmuni smábátaútgerðar. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að útgerðir smábáta, sem aflahámarki sæta, geti valið milli aflahámarks er byggist á eigin reynslu og meðalaflahámarks fyrir báta í tilteknum stærðarflokki. Í fyrri reglugerðardrögum var við það miðað að aflahámark byggist á eigin reynslu yrði 90% af meðalafli þriggja viðmiðunarára, 1985–1987, þó aldrei hærra en 135 lestir. Nú er miðað við að aflahámark byggist á eigin reynslu verði 90% af meðalafli tveggja bestu áranna á viðmiðunartímabilinu, þó aldrei hærra en 200 lestir. Er augljóst hagræði í að miða við tvö bestu árin á viðmiðunartímabilinu enda sveiflast afli smábáta oft nokkuð milli ára. Þá er hámarkið hærra en var í fyrri hugmyndum og er því hagstæðara afkastamestu smábátunum. Hafi útgerðaraðilar ekki reynslu til að byggja á gera reglugerðardrögin ráð fyrir því að

meðalafлахámark báta undir 6 brl. verði 55 lestir, báta milli 6 og 8 brl. 75 lestir, báta yfir 8 brl. verði 100 lestir og loks verði búinn til nýr flokkur fyrir allra stærstu bátana með 125 lesta meðalafлахámarki.

Þá leggur meiri hl. til að texta 10. gr. verði breytt eins og fram kemur í 2. tölul. breytingartillagnanna á þskj. 478. Í þessum tillögum felast eftirtaldar efnisbreytingar. Í fyrsta lagi er banndögum línu- og handfærabáta fækkað á sumar- og haustmánuðum þannig að banndagar verði sjö í júní og október eins og verið hefur sl. tvö ár. Í öðru lagi er lagt til að þeim bátum, sem færa- og línuveiðar stunda, verði gefinn kostur á að sæta veiðitakmörkunum með aflahámarki í stað banndaga óski þeir þess sjálfir. Aflahámark þeirra sem það kysu mundi í þessum tilvikum alfarið byggjast á eigin reynslu. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að allar þær útgerðir sem þorsfisknetaveiðar hafa stundað á árunum 1986 og 1987 á bátum undir 6 lestum eigi kost á leyfi til slíkra veiða áfram í stað þess að miðað sé einungis við þá er leyfi fengu til netaveiða á árunum 1986 og 1987. Þorsfisknetaveiði smábáta var leyfisbundin frá 10. febrúar til 15. maí á sl. tveimur árum. Mun eitthvað um það að menn hafi eingöngu stundað netaveiðar utan þess tímabils og því ekki þurft leyfi. Þykir eðlilegt að þessir aðilar sitji við sama borð og hinir sem leyfi hafa þurft.

Vegna þess að umfjöllun um frumvarp þetta var ekki lokið fyrir áramót er æskilegt að skýrt verði kveðið á um hvaða áhrif veiðar eftir áramót, en fyrir gildistöku frumvarpsins, hafi á veiðiheimildir ársins 1988. Leggur meiri hl. til að breytingar verði gerðar á 21. gr. í þessu skyni og koma þær fram í 3. tölul. breytingartillagnanna.

Í reglugerðardrögum sem sjávarútvegsráðuneytið hefur kynnt nefndinni er við það miðað að þorskaflahámark báta, sem sóknarmark velja og ekki byggja á eigin reynslu, verði mishátt eftir útgerðarflokkum og eftir stærðarflokkum innan útgerðarflokka með svipuðum hætti og verið hefur. Meiri hl. telur að bátum 10–50 brl. í útgerðarflokki 2 sé ekki skipt niður í nægilega marga stærðarflokka og því geti lítill stærðarmunur valdið allt of miklum mun í þorskaflahámarki. Þannig hefur bátur sem er 49 lestir 200 tonna þorskaflahámark samkvæmt reglugerðardrögunum en bátur sem er stærri en 50 lestir 335 tonna þorskaflahámark. Meiri hl. telur rétt að bæta úr þessu með því að fjölga stærðarflokkum innan þessa útgerðarflokks og verði þeir sem hér segir:

	<i>Stærð</i>	<i>Þorskaflahámark</i>
Frá	10 brl. til og með 15 brl.	115 lestir
Stærri en	15 brl. til og með 20 brl.	145 lestir
Stærri en	20 brl. til og með 25 brl.	200 lestir
Stærri en	25 brl. til og með 30 brl.	220 lestir
Stærri en	30 brl. til og með 40 brl.	240 lestir
Stærri en	40 brl. til og með 50 brl.	280 lestir
Stærri en	50 brl. til og með 90 brl.	335 lestir
Stærri en	90 brl. til og með 110 brl.	350 lestir
Stærri en	110 brl. til og með 200 brl.	440 lestir
Stærri en	200 brl.	495 lestir

Þá telur meiri hl. að stórauка beri eftirlit með veiðum og vinnslu aflu um borð í frystiskipum og að stefna beri að fullnýtingu aflu. Ber að gera kröfur til þess að fiskiskip, og þá fyrst frystitogarar, komi með allan aflu að landi jafnskjótt og forsendur eru til slíks.

Við skipun fulltrúa þingflokka í endurskoðunarnefnd samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I er rétt að fullt tillit sé tekið til þingstyrks og að þeir fulltrúar sem tilnefndir eru af þingflokkinum, starfi sjálfstætt innan nefndarinnar. Nefndin hefji störf þegar í stað og skili áfangaáliti sem allra fyrst, helst innan árs. Nefndin fjalli sérstaklega um með hvaða hætti

unnt sé að taka tillit til byggðasjónarmiða við stjórn fiskveiða og úthlutun veiðiheimilda. Loks telur meiri hl. eðlilegt að sjávarútvegsráðherra skili árlega skýrslu til sjávarútvegsnefnda Alþingis um störf samráðsnefndar skv. 15. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 4. jan. 1988.

Kjartan Jóhannsson,
frsm.

Ólafur G. Einarsson.

Alexander Stefánsson.

Guðni Ágústsson.